

27. júní 2014


Verðlag hækkaði um 0,36% í júní

Vísitala neysluverðs (VNV) hækkaði um 0,36% í júní en spár greiningaraðila lágu á bilinu 0,2-0,4% og gerðum við ráð fyrir 0,3% hækkun. Ársverðbólgan mælist 2,2% og er það fimmti mánuðurinn í röð sem hún mælist innan verðbólgu markmiðs Seðlabankans. Ef horft er til verðbólgu án húsnæðis nemur hún 1,0% og endurspeglar það hve þungt húsnæðis- og leiguverð vegur um þessar mundir. Líkur eru á staðan breytist lítið á næstunni og gerum við ráð fyrir að ársverðbólga mælist 2,1% til 2,2% næstu þrjá mánuði. Athyglisvert er að samkvæmt mælingum Hagstofunnar mælist verðbólgan að meðaltali 2,3% á öðrum ársfjórðungi en í síðustu Peningamálum gerði Seðlabankinn ráð fyrir 2,4%. Samkvæmt okkar spá næstu þrjá mánuði mun verðbólgan á þriðja ársfjórðungi nema 2,2% en í Peningamálum var spáð 2,5% verðbólgu á sama ársfjórðungi. Ef spá okkar gengur eftir eru verðbólguhorfur því nokkuð betri um þessar mundir en Seðlabankinn gerði ráð fyrir í síðustu Peningamálum.

Í júní mælingunni vóg þyngst hækkun flugfargjalda en hann hafði 0,2% áhrif til hækkunar á VNV. Menntunar liðurinn hafði 0,07% áhrif til hækkunar á VNV sem stafar af hækkun skráningargjalds í opinbera háskóla og sömuleiðis hafði liðurinn hótél og veitingar 0,07% áhrif á vísitöluna til hækkunar. Húsnæðisliðurinn og matarkarfan höfðu áhrif til lækkunar á VNV og sömuleiðis breytingar á krónutölugjöldum og gjaldskrá.

Uppfærð bráðabirgðaspá okkar fyrir næstu mánuði felur í sér að VNV lækki um 0,3% í sumarútsölum í júlí, hækki um 0,2% í ágúst og 0,5% í september þegar sumarútsölur ganga til baka. Ef sú spá raungerist mun ársverðbólga mælast 2,2% í september nk.

Helstu áhrifaþættir í júní mánuði



Heimild: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar f. 2014

Helstu atriði í júní spánni:


- Húsnæðisliðurinn lækkar lítillga eftir miklar hækkunir á vormánuðum.** Í júní mánuði lækkaði húsnæðisverð um land allt um 0,29% og hefur 0,05% áhrif til lækkunar á VNV. Er það í takt við árstíðarsveiflur fyrri ára þar sem mestu hækkunir á fasteignamarkaði eru gjarnan á vormánuðum en lækkunir eða hóflegri hækkunir koma fram á seinni hluta ársins. Engu að síður gerum við ráð fyrir að húsnæðisverð hækki um 7-8% að meðaltali á þessu ári. Á hinn bóginn hækkaði greidd húsaleiga um 0,38% milli mánaða og hafði 0,02% áhrif til hækkunar á VNV. **Heildaráhrif í maí: -0,01%**

- **Ferðaliðir og eldsneytisverð hækkka.** Eldsneytisverð hækkkaði lítið milli mánaða en áhrif á VNV að þessu sinni voru 0,03%. Flugfargjöld aftur á móti hækkkuðu umfram áætlanir eða um 11,74% og höfðu því 0,2% áhrif til hækkunar á VNV. Líklegt er að verð á flugfargjöldum fari lækkandi næstu mánuði en verðlagið hefur tilhneigingu til að lækka í júlí og ágúst í takt við sumarútsölur. Aðrir ferðaliðir höfðu um 0,04% áhrif til hækkunar á VNV og þar af hafði rekstur ökutækja 0,06% áhrif til hækkunar en kaup ökutækja 0,02% áhrif til lækkunar. **Heildaráhrif í maí: 0,27%.**
- **Hótel og veitingarstaðir hækkka ásamt menntun.** Hótel og veitingarstaðir hækkkuðu um 1,54% milli mánaða og höfðu 0,07% áhrif til hækkunar á VNV. Einnig hækkkaði menntunar liðurinn sem nemur 5,73% milli mánaða vegna breytinga á skrásetningargjöldum í háskóla úr 60 þús.kr. í 75 þús.kr. og hafði 0,07% áhrif til hækkunar á VNV. Hækkanirnar á liðunum eru því nokkuð meiri en við höfðum spáð. **Heildaráhrif í maí: 0,14%.**
- **Aðrir liðir standa að mestu í stað.** Litlar breytingar eru á öðrum liðum en má þó helst nefna að matarkarfan lækkar um 0,16% og hefur 0,02% áhrif til lækkunar á VNV. Einnig koma til gjaldskrárlækkunar vegna laga sem tóku gildi í byrjun mánaðarins og fela í sér eins prósentustigs lækkun á krónutölugjöldum og gjaldskrár. Mat Greiningardeildar er að áhrifin af breytingunum á vísitölu neysliverðs séu um 0,02% til lækkunar og er minni en við höfðum spáð. **Heildaráhrif í maí: -0,04%.**

Bráðabirgðaspá – verðbólga á lygnum sjó næstu mánuði

Ef horft er á þróun undirliða verðbólgu eftir eðli og uppruna á myndinni hér að neðan má sjá hvernig dregið hefur úr verðbólguþrýstingi flestra undirliða VNV síðustu mánuði. Nánast allir undirliðir, að undanskildum húsnæðisliðnum, hafa minnkandi áhrif til hækkunar á VNV. Innfluttar vörur án áfengis og tóbaks hafa haft áhrif til lækkunar á VNV undanfarna mánuði vegna styrkingu krónunnar í byrjun árs og heldur sú þróun áfram í júní mánuði. Haldist gengið stöðugt framundan er ekki annað að sjá en að verðbólgan muni sigla lygnum sjó næstu mánuði og verða á bilinu 2,1% til 2,2% fram að haustinu.

Í bráðabirgðaspá Greiningardeildar til næstu þriggja mánaða er gert ráð fyrir óbreyttu eldsneytisverði og óbreyttu gengi krónunnar. Sumarútsölur hafa veruleg áhrif til lækkunar í júlí en ganga svo að einhverju leyti til baka í ágúst og september. Í skammtímaspánni lækkar ársverðbólgan í 2,1% í ágúst en hækkar svo aftur í 2,2% í september.




Heimildir: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar f. 2014

Helstu atriði í bráðabirgðaspánni:

- **Júlí -0,3%.** Gert er ráð fyrir að sumarútsölur verði ráðandi í mánuðinum og hafi 0,4-0,5% áhrif til lækkunar á VNV. Á móti vegur að húsnæðisliðurinn kann að hafa um 0,1% áhrif til hækkunar og ýmsir minni liðir munu einnig hafa áhrif til hækkunar á VNV.
- **Ágúst +0,2%.** Gert er ráð fyrir því að sumarútsölur gangi að einhverju leyti til baka og að föt og skór hafi um 0,2% áhrif til hækkunar á VNV. Við áætlum að ferðaliðurinn hafi einhver áhrif til lækkunar í mánuðinum.
- **September +0,5%.** Gert er ráð fyrir að föt og skór hækki enn frekar og hafi um 0,3-0,4% áhrif til hækkunar á VNV. Einnig hækkka aðrir minni liðir og verða áhrif á VNV í mánuðinum 0,5% til

Bráðabirgðaspá Greiningardeildar



Heimildir: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar

Greiningardeild Arion banka

Anna Hrefna Ingimundardóttir
anna.ingimundardottir@arionbanki.is

Elvar Ingi Möller
elvar.moller@arionbanki.is

Erna Björg Sverrisdóttir
erna.sverrisdottir@arionbanki.is

Hrafn Steinarsson
hrafn.steinarsson@arionbanki.is

Hafsteinn Hauksson
hafsteinn.hauksson@arionbanki.is

Stefán Broddi Guðjónsson
stefan.gudjonsson@arionbanki.is

Forstöðumaður

Regína Bjarnadóttir
regina.bjarnadottir@arionbanki.is
444-6969

[Hér má finna fyrirvara](#)